

Fundargerð – Upplýsingafundur með formönnum

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **11.09.2020 Kl. 19:15**

Staður: Nýlendugata 22, 101 Reykjavík

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson og Haraldur Gústafsson. Kristján G. Sigurðsson, Oliver Ormar Ingvarsson og Sveinn Stefánsson sátu fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru rædd eftirfarandi mál:

1. Bogfimi á tímum COVID-19

Formaður BFSÍ ræðir áhrif COVID á bogfimistarfið í heild sinni. Áhrif eru ekki mikil á heildina séð innanlands miðað við aðrar íþróttagreinar, þar sem bogfimi þarfnast ekki snertingar eða sameiginlegs búnaðar og því auðvelt að viðhalda þeim nálægðarviðmiðum og fjölda takmörkunum sem settar eru fram í sóttvarnaraðgerðum. Starfsfólk ÍSÍ hefur hrósað sambandinu fyrir snögg viðbrögð við breytingum á Covid reglum sambandsins.

Stærstu áhrifin hafa verið gagnvart alþjóðlegustarfi. Öllum alþjóðlegum mótum hefur verið aflýst eða frestað til 2021 sem hefur haft mikil áhrif, sérstaklega á yngra íþróttafólkið sem ætlaði sér á mót. Bent er á að allar reglur séu aðgengilegar á Bogfimi.is og að tölvupóstur verði sendur til aðildarfélaga, eins og venjan er, þegar breytingar verða á Covid reglunum. Öllum spurningum tengt reglunum er hægt að beina til sóttvarnarfulltrúa BFSÍ.

Tekið við spurningum, ábendingum og umsögnum:

Sveinn ræðir áhrif Covid á starf Hróa Hattar, að félagið geti fylgt Covid reglum BFSÍ, þó að það hafi verið ógerlegt að halda æfingar í mars-apríl þegar bann var á notkun búningsklefa, þar sem salerni í þeirra íþróttahúsi eru í búningsklefum og ekki hægt að stunda æfingar án aðgengi að salerni.

Kristján tjáir að Skotfélag Ísafjarðar hafi lokað þegar mest gekk á í mars-apríl þar sem ekki var hægt að tryggja fjarlægðarviðmið í þeirra aðstöðu þar sem hún sé mjög grönn. Aðeins einn gat æft á svæðinu í einu.

2. Árshlutauppgjör

Albert kynnir og fer yfir 6 mánaða árshlutauppgjör ársins 2020.

Albert tekur fram að BFSÍ hafi verið stofnað 1. Desember, 6. Janúar var sótt um kennitölu en kennitala sambandsins hafi ekki borist fyrr en 28. Janúar og sambandið hafi fengið bankareikning 11. Febrúar. Sökum þess og áhrifa Covid sé ekki hægt að lesa mikið í þessar tölur sem viðmið fyrir

framtíðar árshlutauppgjör, en gæfi formönnum góða hugmynd um fjárhagslega stöðu BFSÍ á fyrsta helmingi þessa árs.

Covid hefur haft mikil áhrif á fjármálin þar sem öllum erlendum mótum var aflýst eða frestað. Einnig að óvissa ríki varðandi hver áframhaldandi röskun sökum heimsfaraldursins verði. Því telst líklegt að þurfi það að endurgreiða einhvern hluta styrks til afrekssjóðs 2020, og að fjárhagsáætlun 2021-2022 sem lögð verður fyrir á þingi 2021 verði erfitt að áætla með mikilli nákvæmni.

Tekið við spurningum, ábendingum og umsögnum:

Engar spurningar voru um árshlutauppgjörið.

3. Önnur mál

3.1. Ásakanir Kelea Quinn til heimssambandsins á hendur BFSÍ

Til að viðhalda gegnsæi upplýsir formaður BFSÍ, formenn aðildarfélaganna um fund sem formaður og ritari BFSÍ sátu með starfsfólki ÍSÍ vegna tilhæfulausra ásakana sem bárust frá Kelea Quinn til heimssambandsins (worldarchery) um ólögsmæta stjórnhætti/stjórnarbreytingar innan stjórnar BFSÍ.

Formaður tjáði að heimssambandið hafði samband við starfsfólk ÍSÍ og óskaði eftir því að ÍSÍ rannsökuðu stjórnhætti/stjórnarbreytingar innan BFSÍ. Kelea tjáðist ranglega vera fyrrum meðlimur stjórnar BFSÍ í þeim samskiptum. Á fundi formanns og ritara BFSÍ með starfsmönnum ÍSÍ voru ásakanir Kelea á hendur BFSÍ skoðaðar, farið í gegnum alla stjórnhætti/stjórnarbreytingar innan BFSÍ og enginn grundvöllur fannst fyrir ásökunum Kelea. Á þeim fundi var einnig farið yfir heildarstöðu BFSÍ á fyrsta starfs ári, hlutverk, fjármál og starfsfólk ÍSÍ gaf góð ráð um önnur mál.

Starfsmenn ÍSÍ sendu svar við tölvupósti heimssambandsins um að starfsfólk ÍSÍ hafi rannsakað stjórnhætti/stjórnarbreytingar innan BFSÍ, að allt hafi verið framkvæmt samkvæmt lögum sambandsins og eðlilegum venjum stjórnáttum félaga. Þær séu einnig færðar til bókar í fundargerðum stjórnarfunda sem eru birtar á vefsíðu sambandsins bogfimi.is. Einnig var leiðrétt að Kelea hafi ekki verið meðlimur í stjórn BFSÍ heldur varamaður.

Tekið við spurningum, ábendingum og umsögnum:

Sveinn tjáðist hafa heyrt af þessu máli tengt ásökunum Kelea gegn BFSÍ og hafi haft samband sjálfur beint við starfsfólk ÍSÍ og fengið upplýsingar formanns um ásökunina og málavexti staðfestar. Sveinn lýsir yfir áhyggjum af áhrifum Kelea Quinn á íþróttina og íþróttafélagin.

Sveinn tjáir að stjórn Hróa Hattar sé búin að kynna sér heimild sína til að banna fólk úr starfi sínu og svæðum vegna annara agabrota Kelea innan félagsins. Að félagið sé búin að taka ákvörðun en sé að vinna í orðalagi og réttu ferli við að senda út ákvörðun skriflega

Sveinn tjáir sig um tilhæfulausa ásökun Kelea Quinn um stjórnunarhætti Bogfímifélagsins Hróa Hattar til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) þar sem óskað var eftir því að ÍBH grípi inn stjórnhætti félagsins. Hann tjáir að tilgangur þess væri svo að Kelea yrði ekki bönnuð frá félaginu sökum margra agabrota sem komið hefðu upp tengt Kelea innan félagsins. Sveinn tjáði að ÍBH hefðu enga ástæðu til þess að grípa inn í stjórnhætti Hróa Hattar og að hans sögn væri ÍBH þreyttir kvörtunum/ítrekunum frá Kelea.

Formaður BFSÍ tjáir að formleg afstaða BFSÍ sé að BFSÍ taki ekki afstöðu þar til að siðanefnd hefur lokið sínum verkefnum.

Formaður BFSÍ nefnir að kvartanir vegna Kelea hafi verið viðvarandi síðustu ár vegna ýmissa ótengdra mála. Hann biðst afsökunar á því að ekki hafi verið tekið fyrir á málum. Verið er að vinna í að setja upp betra verkferli/viðbragðsáætlun fyrir agabrot innan íþróttarinnar til að taka fljótt og örugglega á þeim.

Almenn umræða um samskiptahætti Kelea við fólk og börn sem tengjast starfinu víða um land.

Sveinn tjáir sig um mögulega tilraun Kelea til að koma í veg fyrir að Íslandsmeistaramót gæti farið fram af BF Hróa Hetti með kvörtunum til lögreglu og að hóta foreldrum að barnaverndarnefnd komi að málinu ef þau dragi börnin sín ekki úr keppni. Sveinn tjáir sig einnig um ýmsan rógburð um BFSÍ sem Kelea hefur verið að dreifa til iðkenda sem honum hefur borist. Honum er illskiljanlegt afhverju hún sé að reyna að sverta BFSÍ, íþróttafélögin og bogfímihreyfinguna fyrir iðkendum. Sveini fannst þetta vera lýsandi fyrir þá stöðu sem málefnið eru komin niður á.

Albert gjaldkeri BFSÍ tjáir að eftir að hann fréttir fyrst af ásökun á hendur BFSÍ frá Kelea til heimssambandsins hafi hann spurt hana um málavexti. Hún neitaði því að hafa sent inn slíka ásökun. Albert leitaði þá til starfsmanna ÍSÍ til að fá nánari upplýsingar um málið, þar var staðfest að hún væri nafngreind sérstaklega í þeirri ásökun. Albert ræddi aftur við Kelea með þeim upplýsingum sem fengust frá starfsfólki ÍSÍ til þess að fá nánari upplýsingar. Hún svaraði engu og sleit öllum samskiptum við Albert samstundis.

Sveinn ræðir um viðbrögð Kelea vegna leiðréttingar á fréttagrein á Archery.is varðandi íþróttasálfræði löggildingar hennar sem er ekki til staðar. Viðbrögðin hafi verið pistill um að hér á Íslandi geti afbrotamenn unnið í íþróttastarfinu og að henni bjóði við því og að ekki sé fordæmi fyrir því í þeim löndum sem hún hafi áður starfað í.

Almenn umræða um æskulýðslög og fyrningar mála.

Kristján tjáir fundarmönnum að Skotfélag Ísafjarðar hafi verið að notfæra sé þjónustu íþróttasálfræðings að nafni Kelea Quinn og gjaldkeri Skotfélags Ísafjarðar hafi stöðvað allar

greiðslur til hennar sökum þess að hún var að senda reikninga á félagið fyrir þjónustu sem var ekki óskað eftir.

Hann tjáði að Kelea hefði bókaði sjálfa sig á staðinn og sendi félaginu reikninga fyrir þá tíma, en enginn af þeirra félagsmönnum hafi kannast við það að hafa óskað eftir hennar þjónustu. Allir félagsmennirnir héldu að einhver annar hefði óskað eftir henni og þjónustu hennar. Þetta hafi mögulega viðgengist um langt tímabil þar til gjaldkeri félagsins áttaði sig á því að enginn kannaðist við að óska eftir þessari þjónustu og setti stopp á allar greiðslur til hennar.

Almenn umræða um lögmæti tilhæfulausra reikninga á íþróttafélög.

Guðmundur bendir á að Skotfélag Ísafjarðar geti skoðað lagalega rétt sinn í þessu máli tengt reikningum félagsins og að mikilvægt sé að bæta samskipti innan félagsins. Hann bendir einnig að Kelea hafi ekki menntun sem sálfræðingur og einstaklingar sem selja út þjónustu sína sem slíkt án þess að hafa til þess löggildingu sé lagalega refsiverð háttsemi.

Kristján tjáði að um langt tímabil hafi hann hafi ætlað að hætta í íþróttinni, sem þjálfari og sem formaður bogfimideildarinnar vegna mála tengt Kelea á þeirra svæði/félagi.

Kristján hefði upplifað það sem svo að hann væri einn á báti í þessum vandræðum. Kristján tjáði að hann hafi komist yfir það og sé ekki að íhuga að hætta lengur.

Guðmundur tjáir sig almennt um vandkvæði sem komið hafa upp tengt agabrotum/siðamálum og möguleg áhrif á bogfimihreyfinguna.

Almenn umræða um aukin samskipti og samvinnu á milli félaganna.

Formaður BFSÍ tjáir að það vanti betri samskipti milli aðildarfélaga og honum þykir miður að forsvarsmenn fleiri aðildarfélaga hafi ekki séð sér fært að sitja fundinn að þessu sinni. En vonar að samskipti verði opnari á milli félaganna í framtíðinni.

3.2. Ungmennadeild BFSÍ

Ásdís þakkar aðildarfélögum fyrir góða þátttöku í fyrsta móti og stofnun ungmennadeildar BFSÍ. Hún segist hlakka mikið til að sjá hvernig deildin þróast og vonar að enn fleiri börn og unglingar innan aðildarfélagana sjái sér fært að taka þátt í framtíðinni.

Fundi slitið kl. **20:30**